

## Breytingartillaga

við frumvarp til fjárukalaga fyrir árið 2022, sbr. lög nr. 72/2022.

Frá Ingu Sæland.

	Skv. frv. m.kr.	Breyting m.kr.	Samtals m.kr.
<i>Breytingar á sundurliðun 1:</i>			
1. Við bætist nýtt málefna svið og nýr málaflokkur:			
<b>28 Málefni aldraðra</b>			
<b>28.30 Þjónusta við aldraða og aðrar greiðslur, óta.</b>			
<i>07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti</i>			
a. Rekstrartilfærslur . . . . .		126,0	126,0
b. Framlag úr ríkissjóði . . . . .		126,0	126,0
<b>32 Lýðheilsa og stjórnýsla velferðarmála</b>			
2. Við <b>32.40 Stjórnýsla félagsmála</b>			
<i>07 Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti</i>			
a. Rekstrarframlög . . . . .	51,2	149,0	200,2
b. Framlag úr ríkissjóði . . . . .	51,2	149,0	200,2
<b>34 Almennur varasjóður og sértækar fjárráðstafanir</b>			
3. Við <b>34.20 Sértækar fjárráðstafanir</b>			
<i>09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti</i>			
a. Rekstrarframlög . . . . .	5.981,0	-5.981,0	0,0
b. Framlag úr ríkissjóði . . . . .	5.981,0	-5.981,0	0,0

### Greinargerð.

Lagt er til að hækka framlög á málefna sviði 28 svo að greiða megi 60.300 kr. eingreiðslu í desember til ellilífeyrisþega sem fá greiddan óskertan ellilífeyri almannatrygginga, þ.e. hafa lægri tekjur en sem nemur frítekjumörkum 3. og 4. másl. 1. mgr. 23. gr. laga um almannatryggingar á ársgrundvelli. Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins tekur tillagan til 2.080 einstaklinga. Í þeim hóp eru 1.032 öryrkjar, sem fá nú ellilífeyri í stað örorkulífeyris. Rétt er að taka fram að tillagan nær ekki til fólks sem dvelur í hjúkrunarrýmum enda fellur ellilífeyrir þeirra niður eftir 6 mánaða dvöl þar, sbr. 21. gr. laga um málefni aldraðra og 48. gr. laga um almannatryggingar. Gert er ráð fyrir að lögð verði til breyting á lögum um almannatryggingar til að tryggja að þessi viðbótargreiðsla verði skattfrjáls og hafi ekki áhrif á aðrar greiðslur til ellilífeyrisþega.

Þá er lögð til til hækkun á framlögum á málefna sviði 32 til að styrkja hjálparstofnanir sem úthluta matargjöfum.

Loks er lagt til að lækka fjárfestingarframlög um 5.981 m. kr. og falla frá kaupum ríkisins á höfuðstöðvum Landsbankans við Austurbakka.